



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Nefndasvið Alþingis
Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (réttur til einbýlis á öldrunarstofnunum), 323. mál.


Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók framangreint frumvarp til umfjöllunar á fundi sínum í gær og bókaði eftirfarandi **umsögn** um það undir dagskrárlið nr. 12:

„13. Frá nefndasviði Alþingis, frumvarp um rétt til einbýlis á öldrunarstofnunum, dags. 25. feb. 2020.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps styður fram komið frumvarp. Jafnframt minnir sveitarstjórn á nýlegar fréttir um stefnu ríkisstjórnar um fjölgun hjúkrunarrýma. Á sama tíma er fyrsta flokks rými í einbýli látið ónotað á Grenilundi sem gæti nýst einstaklega vel fyrir heilbrigðiskerfið. Með því að létta á heilbrigðiskerfinu á Akureyri, t.d. með hvíldarinnlögnum, væri á móti hægt að létta álagi af Landsspítalanum. Sveitarstjórn bendir á að íslenska heilbrigðiskerfið er ein órofa heild, því er bagalegt að nýta ekki þau úrræði sem þegar eru tilbúin til notkunar í kerfinu og létt geta álagið strax.“

Framangreindri umsögn er hér með komið á framfæri.

Grenivík 10. mars 2020,
f.h. sveitarstjórnar


Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri